



Formkallar

Höfundur: Þórunn Eiríksdóttir

ÚR KÖRFU TEXTÍLKENningarans Verkefni í textílmennt fyrir 1. og 2. bekk



Aðferð:

Handsaumur

Æfing í að klippa

Æfing í að nota snið

Þræða perlugarn og efni á band

Efni:

- ✓ Pappi fyrir snið
- ✓ Filtefni
- ✓ Perlugarn/bómullargarn
- ✓ Tölur/augu
- ✓ Plastperlur
- ✓ Uppistöðugarn/sláturgarn

Áhöld:


- ✓ Penni
- ✓ Skæri
- ✓ Stoppunál nr. 18
- ✓ Títuprjónar
- ✓ Málband
- ✓ Límbyssa




Vinnulýsing fyrir nemendur



- 1 Veldu það form sem þú vilt vinna með.
- 2 Veldu síðan þann lit af filtefni sem þú vilt nota.
- 3 Festu sniðið á tvöfalt filtefni með títuprjónum.
- 4 Strikaðu meðfram sniðinu og taktu títuprjónana úr.
- 5 Taktu sniðið af, settu títuprjóna í efnið fyrir innan strikin og klipptu út.
- 6 Finndu stoppunál (nr. 18) og perlugarn.
- 7 Þræddu garnið í gegnum nálaraugað og settu hnút á endann.
- 8 Saumaðu saman með tunguspori en skildu eftir op til að setja tróðið inn í.
- 9 Settu tróðið inn í formkarlinn og saumaðu fyrir gatið.
- 10 Veldu augu, nef og munn á andlitið. Kennarinn aðstoðar við að líma það á.



Tunguspor



Fætur

- 1 Klipptu 40 cm langt garn.
- 2 Klipptu efnisafganga af filti í búta og búðu til 15 stk. fyrir hvorn fót, $15+15 = 30$ stykki samtals.
- 3 Kennarinn festir fyrstu perluna og síðan raðar þú til skiptis 1 efnisbút og 3 perlum til skiptis þangað til efnisbúturnir 15 eru búnir.

Hugsaðu hvort þú getir raðað í litamynstur áður en þú byrjar.



Hendur

- 1 Klipptu 30 cm langt garn.
- 2 Klipptu efnisafganga úr filti í búta og búðu til 10 stk. fyrir hvora hendi, $10+10 = 20$ stykki samtals.
- 3 Raðaðu 1 efnisbút og 3 perlum til skiptis þangað til efnisbúturnir 10 eru búnir.
- 4 Þú byrjar og endar á að setja efnisbút. Í hendur og fætur þarft þú 50 búta af efnum.
- 5 Þú setur títuprjóna þar sem þú vilt að fætur og hendur séu festar. Kennarinn hálpar þér svo að festa hendur og fætur á karlinn.

Getur þú talið upp í 50?



Til kennara

Þetta verkefni þjálfar nemendur í því að halda rétt á skærum og klippa út efni eftir formum. Einnig góð þjálfun í fínhreyfingum að vinna með perlur og sauma í höndunum.

Hér er best að hafa tilbúin snið úr þykku kartoni (t.d. utan af morgun-korni) sem nemendur geta teiknað eftir. Athugið að ef notað er þykkt karton er ekki hægt að títuprjóna í það. Þá er gott að nemendur aðstoði hver annan við að halda sniði og teikna.

Klippa þarf passlegan bút af filti handa hverjum nemenda og þeir geta hjálpast að við að teikna formið á efnið. Allir afgangar eru nýttir í hendur og fætur.

Efnið er klippt tvöfalt eða í tvö stykki, einfalt fyrir þau sem eiga erfitt með að klippa. Stykkinn eru títuprjónuð vel saman svo þau haldist á sínum stað meðan verið er að sauma.

Saumað saman með tunguspori og fyllt með tróði.

Vinnulýsingu af tunguspori er gott að hafa við hendina fyrir nemendur sem þau geta hermt eftir.

Andlit er með hreyfiaugum eða tölum og þau geta teiknað nef og munn. Einnig er hægt að nota litla keypta dúska fyrir nef og sauma munn með aftursting. Filtafgangar eru líka hentugir til andlitsgerðar. Líma þarf með límbyssu fyrir nemendur.

Hendur og fætur

Uppistöðugarn er best að nota í fætur og hendur. Gott er að hafa tilbúna lengd 40 cm í fætur og 30 cm í hendur sem nemendur geta miðað við því þau eru flest ekki fær um að mæla í cm á þessum aldri. Festa þarf fyrstu perluna á endann fyrir nemendur. Afgangar af efnisbútum eru nýttir og nemendur klippa búta til að raða á milli perlna, efnisbútur og 3 perlur. Best er að byrja og enda á filtbút þar sem kennarinn er búinn að festa fyrstu perluna á bandið.

Kennari þarf að festa hendur og fætur á fyrir nemendur svo vel sé.

